

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 68/2012****2012/EES/43/35****frá 30. mars 2012****um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/304/ESB frá 12. maí 2010 um samræmda aðferðafræði við að flokka kvartanir og fyrirspurnir frá neytendum og greina frá þeim ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/136/ESB frá 1. mars 2011 um viðmiðunarreglur varðandi framkvæmd reglna um gagnavernd í kerfi til samvinnu á sviði neytendaverndar (CPCS-kerfið) ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 20. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/193/EB) í XIX. viðauka við samninginn:

- „21. **32010 H 0304**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/304/ESB frá 12. maí 2010 um samræmda aðferðafræði við að flokka kvartanir og fyrirspurnir frá neytendum og greina frá þeim (Stjtið. ESB L 136, 2.6.2010, bls. 1).
22. **32011 H 0136**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/136/ESB frá 1. mars 2011 um viðmiðunarreglur varðandi framkvæmd reglna um gagnavernd í kerfi til samvinnu á sviði neytendaverndar (CPCS-kerfið) (Stjtið. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2010/304/ESB og 2011/136/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 136, 2.6.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 44.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.